

Umfjöllun um hvatningu

Hvatning er góð aðferð til að kenna nýja hegðun og viðhalda henni. Hvatning strax í kjölfar æskilegrar hegðunar hefur mest áhrif og eykur líkur á tiltekin hegðun verði endurtekin og lærist smátt og smátt.

Hvatning styður við jákvæða hegðun og viðheldur henni, en dregur úr neikvæðri hegðun.

Sjálfstraust barna helst í hendur við þá hvatningu sem þau fá fyrir það sem þau geta eða gera rétt og því má segja að hvatningin efli sjálfstraust barnsins

Félagsleg hvatning

Hrós er dæmi um félagslega hvatningu. Með hrósi er hægt að sýna börnum jákvæða athygli og þannig auka tíðni æskilegrar hegðunar.

☺ Hrós er nákvæmt

Dæmi: „Flott hjá þér, ég sé að þú notaðir marga liti í þessu fallegu mynd“.
Í stað þess að segja: „Þetta er falleg mynd“.

☺ Hrós er gefið fyrir nýja og betri hegðun eða færni

Dæmi: „Flott hjá þér, ég sé að þú getur hengt upp úlpuna þína“.
Í stað þess að segja: „Flott þú getur hengt upp úlpuna en hvenær ætlar þú að læra að ganga frá skónum þínum?“

☺ Hrós er einfallt og hreinskilið

Dæmi: „Flott hjá þér þú varst duglegur að taka saman kubbana“.
Í stað þess að segja: „Þú ert duglegasta barn í heimi, fyrst tókstu alla kubbana svo settir þú þá alla í dótakassann og settir hann á sinn stað.“

☺ Hrós er sett þannig fram að barnið skilji vel hvað í því felst

Dæmi: „Takk fyrir að bíða á meðan ég var að hjálpa hinum börnunum“.
Í stað þess að segja: „Ég er afar þakklát fyrir umburðarlindið sem þú sýndir mér áðan þegar ég var að hjálpa hinum börnunum“.

Önnur dæmi um félagslega hvatningu:

- ☺ Bros
- ☺ Þumalputtinn upp
- ☺ Klapp á bakið
- ☺ „Gefðu fimmu“

Hrósað er af jákvæðni, vingjarnlega með svolitlu brosi